

Aðalfundur foreldrafélags Álftanesskóla

14. október 2009

Dagskrá fundar:

Guðmundur Rúnar Kristjánsson tók að sér að vera fundarstjóri. Meðfylgjandi er dagskrá fundarins:

1. Setning
2. Kosning embættismanna fundarins, fundarstjóra og fundarritara
3. Formaður flytur skýrslu stjórnar
4. Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins
5. Umræður um skýrslu stjórnar og gjaldkera
6. Lagabreytingar
7. Kosning stjórnar félagsins
8. Kosning skoðunarmanna ársreiknings
9. Kosning fulltrúa foreldra í skólaráð
10. Önnur mál
11. Uppistand og skemmtun – Þorsteinn Guðmundsson grínisti og leikari.

Núverandi stjórnarmeðlimir:

1. Ingrid Kuhlman formaður
2. Einar Karl Birgisson gjaldkeri
3. Kjartan Örn Sigurðsson ritari.
4. Margrét S. Ólafsdóttir meðstjórnandi
5. Guðmundur Rúnar Kristjánsson meðstjórnandi
6. Ásta Emma Ingólfssdóttir meðstjórnandi
7. Kristjana Oddný Þorsteinsdóttir meðstjórnandi

Setning fundar kl. 19:30

Formaður foreldrafélags Álftanesskóla, Ingrid Kuhlman fór yfir dagskrá fundarins og bauð fundargesti velkomna.

Kosning embættismanna fundarins, fundarstjóra og fundarritara.

Fundurinn samþykkti að Guðmundur Rúnar Kristjánsson yrði fundarstjóri og Margrét S. Ólafsdóttir ritari fundarins.

Formaður flytur skýrslu aðalstjórnar

Ingrid Kuhlman formaður flutti skýrslu stjórnar og kynnti skýrsluna á glærum. Hún ræddi m.a. um hlutverk foreldrafélagsins og kynnti störf stjórnar foreldrafélagsins sem heldur mánaðarlega fundi. Foreldrafélagið hefur t.d. skipulagt foreldrarölt, sem almenn ánægja er með og þykir hafa tekist vel, öskudag, páskabíngó og skipulagt fræðsluerindi. Fundur hefur verið haldinn árlega með bekkjarfulltrúum í upphafi vetrar og farið yfir starf vetrarins. Stjórn foreldrafélagsins hefur skrifað bréf til bæjarstjórnar vegna fækkunar strætóferða og sundkennslu sem var ábótavant meðan nýja sundlaugin var í byggingu.

Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins

Einar Karl Birgisson gjaldkeri foreldrafélagsins lagði fram reikninga félagsins og gerði grein fyrir þeim. Efnahags- og rekstrareikningur var sýndur á glærum. Tekjur alls voru kr. 459.104 sem samanstóðu af hagnaði Páskabingós, foreldraframlögum og vöxtum af bankareikningi. Gjöld voru alls 309.349, m.a. styrkur til 10. bekkjar vegna ferðar, öskudagsuppákoma, gjafir og sundkort til 10. bekkjar skólans..

Foreldrafélagið stendur vel eftir síðastliðið skólaár og eru eignir á reikningum í bönkum alls kr. 471.197. Hagnaður s.l. árs var kr. 149.755.

Umræður um skýrslur stjórnar og gjaldkera

Fyrirspurn kom varðandi sundkort og hvers vegna sundkort voru gefin 10. bekkjum en ekki öðrum árgöngum. Stjórn útskýrði að það væri vegna þess að 10. bekkur þarf að taka lokapróf og ná ákveðnu stigi í lok skólaárs. Einnig hafði sá árgangur ekki fengið sundkennslu í tvo vetur.

.

Lagabreytingar

Engar lagabreytingar voru gerðar á fundinum.

Kosning stjórnar og skoðunarmanna

Þá var röðin komin að kosningu stjórnar. Eftirfarandi aðilar gáfu ekki kost á sér í áframhaldandi stjórn foreldrafélags Álftanesskóla:

- Margrét S. Ólafsdóttir
- Kristjana O. Þorsteinsdóttir
- Kjartan Sigurðsson

Eftirfarandi aðilar gefa áfram kost á sér í stjórn foreldrafélags Álftanesskóla:

- Ingrid Kuhlman
- Einar Karl Birgisson
- Guðmundur Rúnar Kristjánsson
- Ásta Emma Ingólfssdóttir

Tveir nýir aðilar koma inn í stjórn: Sólveig Guðfinnsdóttir og Telma Sigtryggisdóttir.

Netföng þeirra eru: sg@hyrna.is og telma@passa.is

Fundarstjóri lagði til að einhver fundargesta byði sig fram í stjórn foreldrafélagsins. Gísli

Guðmundsson bauð sig fram. Netfang hjá honum er: masterg@simnet.is

Er þá stjórn fullskipuð fyrir veturinn 2009-2010.

Skoðunarmaður reikninga: Birgir Óli Einarsson.

Kosning fulltrúa í skólaráð:

Í skólaráði sitja skv. nýjum lögum um grunnskóla: tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi starfsmanna skólans, tveir fulltrúar nemenda, tveir fulltrúar foreldra, einn fulltrúi meðal

íbúa sveitarfélagsins eða þriðji fulltrúi foreldra og skólastjóri. Samtals 9 fulltrúar. Skólastjóri er ábyrgur fyrir skólaráði.

Fulltrúar foreldra í skólaráði skólans næstu tvö skólaár eru því: **Guðrún Hanna Hilmarsdóttir og Steinunn Böðvarsdóttir. Guðjón A. Kárason** bauð sig fram til setu í skólaráði. Netfang hans er: andri.kara@gmail.com

Önnur mál

Umræða skapaðist um áætlun strætó og hvort foreldrafélagið ætti að ítreka beiðni um fjölgun strætóferða á nesið. Eftir nokkrar umræður var bókuð ályktun fundarins um að stjórn foreldrafélagsins í samráði við skólaráð myndi ræða við bæjarstjórn um fjölgun strætóferða.

Rætt var um félagsmiðstöðina og starfið framundan. Skólastjóri útskýrði störf félagsmiðstöðvarinnar. Félagsmiðstöðin opnaði með balli fyrir unglingana s.l. föstudag. Verið er að vinna að dagskrá vetrarins um þessar mundir. Stefán Arinbjarnarson er forstöðumaður félagsmiðstöðvar. Fyrirhugað er að hann kynni starfið fyrir bekkjarfulltrúum þegar þeir koma saman á fundi með foreldrafélaginu.

Rætt var um fyrirlestra og frekar lélega mætingu á þá. Samþykkt var að hafa færri og betri fyrirlestra ef þess er kostur og fá fleiri foreldra til að mæta. Tillaga kom um að bjóða upp á t.d. kjötsúpukvöld og að virkja bekkjarfulltrúa með starfi foreldrafélagsins.

Að loknum fundi kom Þorsteinn Guðmundsson, grínisti og skemmti fundargestum.